





# Aðalskipulag Sveitarfélags Skagafjarðar 2020-2035

## Tillaga að breytingu - Veitur á Sauðárkróki - Sjóveita



Gildandi aðalskipulag Þéttbýlisuppráttur Sauðárkrókur staðf. 04.04.2022 mkv.: 1:10.000



Þéttbýlisuppráttur Sauðárkróki eftir breytingu mkv.: 1:10.000

### GREINARGERÐ

Skagafjörður vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélags Skagafjarðar 2020 – 2035 vegna áforma um nýja staðsetningu á fiskeldi- og fiskalífrræðideild Háskólans á Hólum á Sauðárkróki. Lögð er fram breyting á skilmálum í greinargerð og á þéttbýlisupprætti Sauðárkróks.

Hér er sett fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi til auglýsingar sbr. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Forsendur

Í samræmi við ákvörðun um að byggja upp aðstöðu fyrir fiskeldi- og fiskalífrræðideild Háskólans á Hólum á Sauðárkróki er þörf á sjóveitu til vatnsöflunar fyrir fiskeldi háskólans.

Staðsetning nýs fiskeldishúss er við Borgarsíðu, vestan við Sauðárkróksbraut. Drög að legu sjóveitu liggur fyrir en endanlegri hönnun og sýnatöku er ekki lokið. Samráð verður haft við Vegagerðina þegar endanleg hönnun lagnarinnar liggur fyrir.

### Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar

Breytingin felur í sér að afmarka lagnaleið fyrir sjóveitu frá lóð fiskeldi- og fiskalífrræðideilda Háskólans á Hólum, staðsett á Sauðárkróki við Borgarsíðu, út í sjó.

Lagt er til að lögnin þverí Strandveg vestan við Sauðárkróksbraut, liggja síðan 700-800 m með ströndinni áður en hún fer 800-1000 m út í sjó.

Dýpi inntaks lægi á um 15-20 m dýpi, þ.e. neðan við grugg og skel. Sólarljós hefur ekki áhrif á þessu dýpi.

Sjávarbotninn meðfram ströndinni er sandur.



Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða legu sjóveitu. Ekki í kvarða

### Breyting á aðalskipulagi:

Viðbót við kaffa:

### 9.8.1 Veitur á Sauðárkróki

### Sjóveita

Til vatnsöflunar fyrir fiskeldi- og fiskalífrræðideild Háskólans á Hólum. Lengd á sjólögn frá landi er 800-1000 m út í sjó. Lögnin skal liggja á 15-20 m dýpi.

### Umhverfismat

### Matsskylda

Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslög nr. 123/2010.

Sjótakan verður úr strandsjávarhlötu Horn að Hvanndölum nr. 101-1338-C sem þekur 6.179 km<sup>2</sup> svæði. Um er að ræða opna strönd og fullsaltan sjó (> 30psu). Samkvæmt vatnavefsjá er vistfræðilegt ástand þess óflokkað og efnafraðilegt ástand óþekkt en gert ráð fyrir að það nái umhverfismarkmiði sínu um gott ástand. Þar er skráð staðbundið álag m.a. vegna óhreinsaðs skólps frá Sauðárkróki.

Fjaran þar sem sjóveitulögnin mun liggja er brimasöm sandfjara með lágt verndargildi. Þar er lítið lífríki, eingöngu órsmá dýr niðurgráfin í fjórusandinum (flatormar, þráðormar og krabbafær). Einnig er talið að lífríki sandbotns neðan fjörunnar sé fátæktlegt.

Ekki er talið að sjótakan muni hafa þau áhrif að ástand strandsjávarhlotsins muni hnigna með þeim hætti að það nái ekki umhverfismarkmiði sínu um gott vistfræðilegt og efnafraðilegt ástand. Eingöngu gætu orðið staðbundin neikvæð áhrif á lífríki á svæðum þar sem fjöru og sjávarbotni verður raskað við lagningu sjóveitulagnarinnar. Talið er að hið fátæklega lífríki mun jafna sig fljótt að framkvæmdum loknum.

Skólpi frá íbúum óreinsuðu er veitt í sjó úr mörgum útrásum meðfram ströndinni og er leirburður frá Héraðsvötnum sem gætur meðfram ströndinni. Ekki hefur orðið að fyrirhugaðri dælu- og hreinsistöð fyrir skólp og lagningu fráveitulagnar frá henni út í sjó. Í ljósi framangreinds er mikilvægt að staðsetning og lengd sjóveitulagnar miðist við að vera utan þess svæðis þar sem vænta má áhrifa frá óhreinsuðu skólpi og leir frá Héraðsvötnum.

### SKÝRINGAR

- Athafnasvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Opin svæði (OP)
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Vegir, götur og stígar, Stofnvegur/stofnbraut
- - - Vegir, götur og stígar, Gönguleið
- - - Vegir, götur og stígar, Reiðleið
- Ⓢ- Veitur,Fráveita
- Ⓡ- Veitur,Rafveita, jarðstrengur
- Mörk skipulagsbreytinga

### Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn

þann 08.04.2025

Sauinn Kolbrún Þorvaldsson Skagafjörður Skipulagsfulltrúi

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 10. október 2025

10. október 2025

### Breyting á Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 Veitur á Sauðárkróki

Þéttbýlisuppráttur Sauðárkróki Sjóveitulögn

Hnitakerfi: ISN93 Blaðstærð: A2

Breyting: Skipulag: ASK

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 22630\_ASK\_T\_TH\_18 Dags.: 13.12.2024

Skipulag: ÍAK Yfirf.: HTT